

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Útlendingi sem dvaldi hér á landi fyrir 20. mars 2020 í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar og 1. mgr. 49. gr. laga um útlendinga en hefur ekki komist til síns heima vegna ferðatakmarkana, sóttkvíar eða einangrunar er heimilt að dvelja hér á landi án dvalarleyfis eða vegabréfsáritunar til og með 10. september 2020.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir frávisun eða brottvísun þeirra sem voru í ólögumætri dvöl fyrir 20. mars 2020 eða frávisun eða brottvísun á öðrum grundvelli samkvæmt ákvæðum útlendingalaga.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 49. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 656/2020.

*Dómsmálaráðuneytinu, 6. ágúst 2020.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 6. ágúst 2020